



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 50. fundar
1. fundur á skólaárinu 2025-2026
2. október 2025 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Birna Dís Björnsdóttir, skólastjóri
Jökull Jóhann Karlsson, fulltrúi nemenda
Elizabeth Þ. Benjamínsdóttir, fulltrúi nemenda
Margrét Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Kristín Inga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir, fulltrúi kennara
Ólöf Arnalds, fulltrúi foreldra
Margrét A. Markúsdóttir, fulltrúi foreldra
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Birna bauð fundarmenn velkomna á 1. fund skólaráðsins á yfirstandandi skólaári. Nýir fulltrúar í ráðinu boðnir sérstaklega velkomnir, þau Margrét Markúsdóttir og Elizabeth, sem sátu sinn fyrsta fund.

Dagskrá:

1. Hlutverk skólaráðs

Birna fór stuttlega yfir hlutverk skólaráðs og vitnaði í Handbók skólaráðs sem var send í tölvupósti fyrir fundinn og hvatti nýja fulltrúa í ráðinu að kynna sér handbókina. Hún benti einnig á að gott væri að kíkja á fundargerðir ráðsins á síðasta ári til upplýsinga. Þær má nálgast á heimasíðu skólans.

2. Samþykkt Starfsáætlunar 2025-2026

Margrét Theodórsdóttir kynnti starfsáætlunina og var hún síðan samþykkt samhljóða eftir umræður. Fundargerð 1. fundar verður send á Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til staðfestingar um samþykkt skólaráðsins og verður birt á heimasíðu skólans eftir fundinn.

3. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári

Birna nefndi helstu punkta úr starfi skólaráðsins á síðasta ári. Hún hvatti fulltrúa í ráðinu að koma með hugmyndir og fundarefni.

Hún benti á að í fyrra tók skólaráðið þátt í að endurskoða skólareglur Tjarnarskóla, farið var yfir hvernig við tryggjum velferð nemenda, skóladagatal 2025 – 2026 var samþykkt á fundi þar sem fulltrúum nemendaráðs var boðið að taka þátt, keypt var skóhorn fyrir nemendur við innganginn (tillaga nemenda). Það vekur athygli að sama skóhornið hefur verið notað síðan það var keypt 😊. Skólaráðið kom að undirbúningi 40 ára afmælis skólans sem tókst með miklum ágætum og svo var endað með „opnum fundi“ skólaráðsins í vor þar sem Ásta Kristjánsdóttir frá Kvan fjallaði um jákvæð samskipti, mikilvægi þess að passa orðsporið sitt og margt fleira gott. Birna nefndi að lítil þátttaka foreldra hafi verið á fundinum. Reyndar hittist þannig á að útsending á einum hluta Evrovision keppni var þetta kvöld.

Eftir þann fund ræddu kennarar mikið um mikilvægi þess að fá foreldra meira inn í skólastarfið sem hefur löngum verið lífflegra en allra síðustu ár. Einnig um mikilvægi þess að fá bekkjarfulltrúa inn í bekkjarsamveru og mikilvægi þess að skapa vettvang fyrir að bekkjarforeldrar kynnist betur. Fulltrúi foreldra nefndi að hún þekkti til þess að gagnlegt væri að foreldrar stofnuðu Fésbókarsíðu til þess að styrkja tengslin. Fulltrúi foreldra í ráðinu benti einnig á að þessi þróun hafi orðið í fleiri skólum, sérstaklega eftir covid tímenn.

3. Viðfangsefni skólaráðs á þessu skólaári, áætlun:

Við leggjum upp með að hafa fjóra fundi á starfsárinu en fleiri ef óskað er og tilefni er til.

Áætlun:

- Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 25. nóvember kl. 8.30. Þá er fyrirhugað að hefja undirbúning að næsta „opna fundi“ skólaráðsins og koma með hugmyndir að styrkingu á foreldrasamstarfi í skólanum. Stefnt að því að hafa fundinn fyrr en oftast nær, á skóladagatalinu. Nemendur í ráðinu ætla að spjalla við bekkjarfélaga til að fá hugmyndir.
- Fundur þar sem nemendaráði skólans verður boðið að taka þátt til þess að ræða Skóladagatal 2026 -2027 og koma með ábendingar.
- Lokaundirbúningur að opnum fundi skólaráðs.
- Opinn fundur skólaráðs.

4. Önnur mál

Umræður um hvort við ættum að taka aftur upp þá leið að búa til Fésbókarsíðu fyrir foreldra. Eftir ábendingu frá persónuverndarfulltrúa var ákveðið við upphaf síðasta skólaárs að nýta heimasíðu skólans til að koma með tilkynningar og hóflegar myndbirtingar um skólastarfið. Það verður að segjast eins og er að þetta fyrirkomulag er þungt í vöfum, það er talsvert meiri fyrirhöfn að setja inn efni á vefinn en Fésbókina.

Ágætar umræður áttu sér stað um þetta og hallast var að því að búa til síðu fyrir foreldra til að koma að tilkynningum, en að einungs verði hægt að skoða, ekki koma með athugasemdir.

Fulltrúi foreldra nefndi að samtökin Amnesti bjóða upp á fræðslu og verkefni með 9. bekk. Féll í góðan jarðveg og verður skoðað.

Fleira ekki rætt.

Að lokum þakkaði Birna fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 9.10.

MT